

gjaldsins skv. a- og b-lið þessarar greinar, eftir því sem við á, fyrir hvern mánuð sem bifreiðin er í notkun án þess að vera útbúin viðhlítandi öikumælisbúnaði. Mánuður í þessu sambandi teljast 15 dagar eða fleiri en 14 dögum eða færri skal sleppt. Bifreiðaeftirlitsmaður skal skrá í athugasemdadálk skráningarskírteinis bifreiðar hvort greiða skuli þungaskatt samkvæmt öikumæli eða fast árgjald. Frá þeirri stundu er bifreiðaeftirlitsmaður hefur viðurkennt öikumælisbúnað bifreiða, er hér um ræðir, gilda um þær öll ákvæði þessarar reglugerðar er að öikumælum lúta svo og ákvæði reglugerðar nr. 62/1977 með síðari breytingum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. lögum nr. 79/1974, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og tekur til aksturs sem á sér stað eftir lok 3. álesturstímabils 1985, en því lýkur á tímabilinu 20. september til 10. október 1985. Sé ekki komið með bifreið til álestrar á réttum tíma skal reikna út meðaltal ekinna kílómetra á dag á tímabilinu milli álestra. Af meðaltalsakstri sem samkvæmt þessu hefur átt sér stað eftir lok 3. álesturstímabils skal greiða hið hækkaða gjald.

Fjármálaráðuneytið, 26. september 1985.

Albert Guðmundsson.

Lárus Ögmundsson.

REGLUGERÐ

um bensíngjald.

1. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald — bensíngjald — af bensíni er fellur undir tollskrárnúmer 27.10.19. Frá og með 1. október 1985 skal gjald þetta nema 9,54 kr. af hverjum lítra.

2. gr.

Gjald skv. 1. gr. tekur einnig til bensínbirgða sem til eru í landinu hinn 1. október 1985. Þó skulu gjaldfrjálsir 300 lítrar hjá hverjum eiganda.

Gjaldið skal greiða hvort heldur bensínið er í vörslu eiganda eða ekki.

Hafi gjald skv. 1. gr. reglugerðar nr. 232/1985 verið greitt af birgðum sem til eru hinn 1. október 1985 skal greiða 2,74 kr. af hverjum lítra slíkra birgða sem til eru umfram 300 lítra hjá hverjum eiganda.

Hver sá sem á eða hefur til umráða 300 lítra af bensíni hinn 1. október 1985 skal skyldur að tilkynna það innheimtumanni innan 10 daga. Eigandi eða umráðamaður skal skyldur til að aðstoða við að kanna birgðir óski innheimtumaður slíkrar aðstoðar.

Innheimtumaður getur krafist upplýsinga frá bensíninnflytjendum og bensínsölum um sölu samkvæmt verslunarbókum til viðskiptamanna er fram fór fyrir 1. október 1984.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 79 6. september 1974, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur reglugerð nr. 232/1985 úr gildi.

Fjármálaráðuneytið, 30. september 1985.

Albert Guðmundsson.

Lárus Ögmundsson.